Yfirlýsing Lilju Mósesdóttur og Atla Gíslasonar 21. mars 2011

Hvers vegna við segjum skilið við þingflokk VG

Á fundi þingflokks Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs í dag skýrðum við frá þeirri ákvörðun okkar að segja skilið við þingflokkinn. Þessa ákvörðun tökum við að vel yfirveguðu ráði. Þótt við eigum marga góða samherja innan þingflokks VG treystum við okkur ekki lengur til að styðja skilyrðislaust núverandi ríkisstjórn eða bera ábyrgð á þeirri stefnu og þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið allt frá því hún tók til starfa. Við lítum ekki svo á að við séum að bregðast kjósendum okkar. Þvert á móti hefur þingflokkurinn og forysta VG orðið viðskila við kosningaloforð sín og grundvallarstefnu í veigamiklum atriðum. Eftirfarandi atriði viljum við nefna í þessu samhengi:

EFNAHAGSSTEFNAN – Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar byggir á áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í ríkisfjármálum fyrir árin 2009-2013 sem gerð var í tíð fyrri ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar gegn eindreginni andstöðu þingflokks VG. Forysta núverandi ríkisstjórnar fylgir gagnrýnislaust þessari stefnu sem miðar að því að verja fjármagnskerfið og fjármagnseigendur á kostnað almennings og velferðarkerfisins. Undir handleiðslu AGS hefur alltof stórt bankakerfi verið endurreist og haldið hefur verið fast í áætlun AGS í ríkisfjármálum í stað þess að standa vörð um velferðarþjónustuna. Andstaða hefur verið við að taka upp hátekjuskatta í anda flokka norrænna jafnaðarmanna. Gegn þessari stefnu beittum við okkur með m.a. fjárlagatillögum okkar í lok síðasta árs.

FJÁRLÖGIN – Afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins var dæmigerð fyrir ólýðræðisleg vinnubrögð þar sem samfélagslegar áherslur voru fyrir borð bornar. Tillögum um breytta forgangsröðun, tekjuöflun, fjárframlög til að koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi o.fl. var hafnað án málefnalegrar umræðu. Fjárlög þessa árs hafa nú m.a. þegar leitt til uppsagna fjölda kvenna einkum á landsbyggðinni eins og við vöruðum við.

AGS – Áður en VG fór í ríkisstjórn var flokkurinn einarður andstæðingur AGS enda stríðir stefna sjóðsins gegn uppbyggingu velferðarsamfélagsins. Nú er forysta VG ásamt Samfylkingu orðin að eins konar málsvara AGS á Íslandi í anda þess sem var í tíð fyrri ríkisstjórnar. Stefna AGS hefur sætt gagnrýni hagfræðinga víða um lönd sem talað hafa fyrir hægari aðlögun við að vinna sig út úr efnahagskreppu.

ICESAVE – Saga Icesave er samfelld sorgarsaga en þingflokkur VG beitti sér af mikilli hörku gegn því að semja um ábyrgð ríkisins á Icesave haustið 2008. Þegar komið var í ríkisstjórn var hins vegar ætlast til þess af þingmönnum stjórnarflokkanna að þeir veittu umboð sitt til undirskriftar við óséðan samning. Skrifað var undir þrátt fyrir að ekki væri þingmeirihluti að baki og þrátt fyrir afgerandi andstöðu tæplega helmings þingflokks VG og kröfu um að fá að sjá hvað um væri að ræða. Hlífa hefði mátt þjóðinni við þessu klúðri ef betur hefði verið staðið að málum strax í upphafi.

ESB – Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sagt að virða skuli ólíkar áherslur hvors flokks um sig gagnvart aðild að ESB og rétt þeirra til málflutnings og baráttu úti í samfélaginu. Þetta málfrelsi um ESB virðist þó þeim einum ætlað sem hlynntir eru inngöngu eða sigla undir því flaggi að það sé lýðræðislegt að hefja aðlögun að ESB áður en þjóðin hefur sagt

hvort hún yfirhöfuð vilji ganga þar inn. Umsóknin er í öngstræti og sannleikanum um aðlögunarferlið er haldið frá þjóðinni. ESB mun aldrei samþykkja kröfur, skilyrði og forsendur Alþingis fyrir umsókninni. Á meðan gríðarmiklu fjármagni, tíma og kröftum er beint í þetta ólýðræðislega ferli og litið á það sem ógn við ríkisstjórnina að ræða opinskátt um það.

MAGMA – Þvert á ítrekaðar samþykktir flokksráðs og þingflokks VG var ekkert aðhafst af hálfu forystunnar til að koma í veg fyrir áframhaldandi einkavæðingu HS Orku. Ríkisstjórnin hafði það í hendi sér að koma í veg fyrir þessa alvarlegu þróun og gat m.a. gengið inn í kaup Magma á HS Orku á sínum tíma en slíkt var ekki gert. Á sama tíma lagði ríkisstjórnin hins vegar um 11,5 milljarða í Sjóvá og veitti VBS og Saga Capital verulega fyrirgreiðslu án nokkurs samráðs.

SKULDAVANDI HEIMILANNA – Tregða meirihluta ríkisstjórnarflokkanna við að taka á skuldavanda heimilanna í kjölfar bankahruns hefur tafið endurreisn efnahagslífsins. Almennri leiðréttinu skulda heimilanna var hafnað og áhersla lögð á sértæk úrræði sem í eðli sínu eru tímafrek, dýr og ógegnsæ. Mikla baráttu þurfti til að fá ríkisstjórnina til að taka á skuldavanda heimilanna.

MENNING OG MÁLFRELSI – Núverandi ríkisstjórn hafði umboð þjóðarinnar til að efla jöfnuð og lýðræði í landinu. Tilfinningin sem við sitjum uppi með er að lítið sem ekkert hafi breyst. Hvað stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu varðar hefur ekkert breyst. Alþingi er ætlað að vera afgreiðslustofnun og þingmönnum að vera klappstýrur forystunnar. Foringjaræðið sem Rannsóknarskýrsla Alþingis gagnrýndi ræður för sem fyrr og mál í reynd afgreidd af þröngum hópi. Ekkert tiltökumál þykir að þingmenn veiti umboð í nafni þjóðarinnar til samninga upp á mörg hundruð milljarða án þess að sjá staf á blaði; ekkert tiltökumál þykir að skrifa í leyni upp á samkomulag við AGS og hafna beiðni þingmanna um að fá að sjá það fyrirfram, svo dæmi séu nefnd.

Innan stjórnarmeirihlutans er vissulega að finna einstaklinga sem reyna að standa af staðfestu á stefnumálum sínum. Mótmæli tiltekinna þingmanna VG við framangreindum vinnubrögðum hafa haft sín áhrif og verið af hinu góða. Þau hafa fengið ákúrur fyrir andóf sitt af hálfu forystumanna ríkisstjórnarinnar en hafa unnið samfélaginu gagn með því að ganga ekki blindandi í takt. Enda þótt við göngum nú úr þingflokki VG höfum við ekki sagt skilið við þá stefnu sem við buðum okkur fram til að fylgja eftir á þingi. Á það leggjum við áherslu.

Við ætlum ekki lengur að vinna í umhverfi sem tortryggir störf okkar og reynir að beisla málfrelsi okkar. Það á bæði við um forystu okkar eigin flokks og samstarfsflokksins í ríkisstjórn. Við höfum ítrekað mátt sæta ómálefnalegum ásökunum í okkar garð frá formanni Samfylkingarinnar og einstökum þingmönnum þess flokks.

Við treystum okkur ekki lengur til að styðja skilyrðislaust núverandi ríkisstjórn eða bera ábyrgð á stefnu hennar og vinnubrögðum. Við munum hins vegar standa óháð vaktina fyrir stefnumálum VG og starfa í þeim anda bæði innan VG og á Alþingi.

Reykjavík, 21. mars 2011
Lilja Mósesdóttir og Atli Gíslason